

Nýr erlendur nemandi?

Er nemandi með annað móðurmál en íslensku í bekknum þínum?

- Skoðið **Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í leik- og grunnskólum Kópavogs**, hana er að finna á vefsíðunni fjolmenning.kopavogur.is. Þar er t.d. að finna ítarlegar upplýsingar um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku ásamt gátlistum og eyðublöðum.
- Sitjið móttökuvíðtal þegar nemandi kemur nýr í skólann ásamt sérkennara/deildarstjóra.
- Skoðið bakgrunnsupplýsingar vel.
- Aflið ykkur upplýsinga um menningarheim nýja nemandans (t.d. ég fæ nýjan nemanda frá Hong Kong, hvað veit ég um Hong Kong? Hvaða tungumál er talað þar? Hversu margir búa þar? Hvernig er menntunarstigið? Hver er aðal atvinnuvegur...? Hvað get ég notað í kennslu? Hvað nýtist mér til að skilja og hjálpa nemendanum?
- Komið upplýsingum um nýja nemandann til annara kennara sem kenna bekknum sem og starfsfólks skólans.
- Sendið tölvupóst á foreldra í bekknum um að nýr nemandi hafi byrjað og við bjóðum hann velkominn.
- Undirbúið komu nemandans í bekkinn, finnið borð og stól og viðeigandi námsefni. Verið búin að undirbúa vinaverkefni (sjá bækling í handbók) til að fyrstu dagar nemandans verði sem auðveldastir.
- Hafið í huga að í fyrstu kemur nemandinn til með að þurfa mikla sérkennslu í íslensku en þarf samt að tengjast bekknum sínum. Smám saman getur nemandinn farið að taka meiri þátt í bekkjarstarfinu. Þá þarf að muna eftir að gera ráð fyrir að hann þarf aukaaðstoð, t.d. þarf að vinna sérstaklega með orðaforða tengdu því námsefni sem verið er að leggja inn. Það má t.d. gera með orðalistum, myndefni, nota iPad til að fletta upp orði/orðaforða, búa til orðalista/bækur o.fl. Mikilvægt er að umsjónarkennari fylgist vel með framvindu náms hjá erlenda nemendanum þrátt fyrir að hann sé ekki í öllum kennslustundum með bekknum og taki foreldraviðtöl á viðtalsdögum.
- Mikilvægt er að huga að því að hjálpa nemendanum að tengjast félagslega og sjá til þess að hann gleymist ekki þegar uppkomur eru í bekknum, t.d. frjáls tími, morgunkaffi eða annað uppbrot....
- Reynið að efla tengsl við foreldra nemandans. Notast má við google translate þegar skrifaður er tölvupóstur og þá skiljast aðalatriðin í skilaboðunum. Mikilvægt að gleyma ekki foreldrunum þegar sendir eru t.d. vikupóstar.
- Munið að hægt er að kalla eftir aðstoð kennsluráðgjafa í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Námsgagnabanka er að finna á vefsíðunni fjolmenning.kopavogur.is

Höfundar:

Donata H. Bukowska, kennsluráðgjafi í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku donatah-b@kopavogur.is
Hekla Hannibalsdóttir, verkefnastjóri á menntasviði Kópavogs, hekla@kopavogur.is